

Ed. **518. Frumvarp til laga** [262. mál]
um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

I. KAFLI

1. gr.

Sölustofnun lagmetis er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Aðilar Sölustofnunarinnar eru þeir framleiðendur á sviði lagmetisiðnaðar, sem framleiða lagmeti til útflutnings.

2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetis er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

- a) annast sölu og dreifingu á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni.
- b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa, sem ákvæði þetta nær til. Þó er viðskiptaráðherra heimilt í einstökum tilvikum að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkaréttarákvæði þessu, enda sýni aðilinn fram á að hann geti fengið hagkvæmara verð en stofnunin. Leita skal umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en slík undanþága er veitt.
- c) stuðla eftir föngum að auknu og bættu gæðaeftirliti með framleiðslu aðila stofnunarinnar á öllum stigum framleiðslunnar, í þeim tilgangi að tryggja að sem best sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur.
- d) stuðla að samræmingu framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni.
- e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því sem óskað er og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru.
- f) stuðla að hagkvæmri öflun hráefnis til aðildarverksmiðjanna, og skal að því stefnt að hráefni til lagmetisiðnaðar sé ekki flutt úr landi óunnið, þegar íslenskur lagmetisiðnaður býr við hráefnisskort.
- g) stuðla að aukinni fjölbreytni í framleiðslu aðildarverksmiðjanna og vöruþróun.

3. gr.

Öllum framleiðendum lagmetis til útflutnings er heimil aðild að Sölustofnun lagmetis. Aðilar geta ekki slitið aðild sinni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela lagmetisframleiðendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á lagmeti erlendis og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að lúta þeim fyrirætlunum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stenst þær kröfur sem gerðar eru um gæði og skal framleiðandi bera allan skaða af slíku banni.

Stofnunin skal tilkynna viðskiptaráðuneytinu árlega nöfn félagsaðila og er ráðuneytinu óheimilt að veita félagsaðilum útflutningsleyfi í eigin nafni án samþykkis stofnunarinnar.

4. gr.

Framleiðendur, sem eiga aðild að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er einum fulltrúa fyrir hvern aðila.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn og jafnmargir varamenn þeirra. Fulltrúaráð kys á fundi sínum fimm aðalmenn í aðalstjórn og fimm varamenn þeirra til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Á sama hátt kys fulltrúaráðið tvo endurskoðendur og varamenn þeirra.

Atkvæðisréttur á fulltrúaráðsfundum aðila stofnunarinnar ákvarðast af verðmæti þeirrar vöru, sem stofnunin hefur flutt út fyrir aðilann á síðasta reikningsári. Enginn má þó fara með meira en 15% alls atkvæðamagns.

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda árlega eigi síðar en í júní ár hvert. Aukafundi skal boða þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal afgreiða ársreikning Sölustofnunar lagmetis fyrir liðið reikningsár og leggja fram sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslid í samráði við stjórn stofnunarinnar. Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

5. gr.

Hver félagsaðili ber fulla ábyrgð gagnvart stofnuninni á framleiðslu þeirri, sem hann afhendir stofnuninni til sölumeðferðar. Verði stofnunin skaðabótaskyld gagnvart kaupanda vegna vörugalla, afhendingardráttar eða rangra eða villandi upplýsinga framleiðanda eða annarra sambærilegra ástæðna á stofnunin endurkröfurétt á viðkomandi félagsaðila.

6. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist stofnsjóður. Árleg greiðsla aðila í sjóð þennan skal nema 3% af fob-andvirði þeirrar vöru, sem stofnunin selur fyrir aðila. Stofnsjóður stendur sem lán aðila til stofnunarinnar og má verja fé hans í þarfir stofnunarinnar eftir ákvörðun stjórnarinnar. Stofnsjóður er eign aðila og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins og færast á sérstakan reikning hvers aðila.

Stjórn stofnunarinnar ákveður árlega ársvexti af stofnsjóðsinneign.

Félagsaðilar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar með stofnsjóðseign sinni.

Stofnsjóður fellur til útborgunar til félagsaðila á næstu fimm árum eftir að hann hættir að vera félagi eða við félagsslit. Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að greiða inneignir úr stofnsjóði fyrr, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi þeirrar stjórnar.

7. gr.

Sölustofnun lagmetis verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

- a) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán sem nemur allt að 5 milljónum króna skv. nánari skilyrðum sem hann setur.
- b) Félagsaðilar greiða sölulaun til stofnunarinnar og skal hundraðshluti þeirra ákveðinn af stjórn félagsins.
- c) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegur samkvæmt ákvörðun stjórnar.
- d) Stofnunin skal taka greiðslur fyrir veitta þjónustu til einstakra aðila, svo sem vegna tækniráðgjafar og vöruþróunar, sem stjórnin setur nánari reglur um.

8. gr.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis verður ekki hætt nema samþykkt verði með tveimur þriðju hlutum alls atkvæðamagns á tveimur fulltrúaráðsfundum í röð, þar sem ákvörðun um félagsslit eru eina mál á dagskrá. Eignir stofnunarinnar skulu skiptast í hlutfalli við stofnsjóðsinneign félagsaðila á slitadegi eftir að greiddar hafa verið stofnsjóðsinneignir og aðrar skuldbindingar stofnunarinnar.

II. KAFLI

9. gr.

Greiða skal iðnlánasjóðsgjald af lagmetisiðnaði skv. lögum um Iðnlánasjóð nr. 68 10. október 1967 ásamt síðari breytingum.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

III. KAFLI

10. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vöruhegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins þriggja manna stjórn og jafnmarga til vara: Stjórnarformann Sölustofnunar lagmetis, einn tilnefndan af sjávarútvegsráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

11. gr.

Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

- a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
- b) 1% af fob-verði lagmetis.
- c) 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

12. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar Sölustofnunar lagmetis og stjórnar Þróunarsjóðs lagmetis-iðnaðarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981 og jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni samið af nefnd framleiðenda, sem aðild eiga að Sölustofnun lagmetis. Tillögur nefndarinnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi Sölustofnunar lagmetis, sem fól stjórn stofnunarinnar að óska eftir því við iðnaðarráðherra að frumvarpið yrði flutt á Alþingi. Frumvarp nefndarinnar hefur tekið nokkrum breytingum eftir athugun iðnaðarráðuneytisins á því og við meðferð málsins í ríkisslórn kom fram að einstakir ráðherrar hefðu fyrirvara um endanlega afstöðu þeirra til vissra atriða í frumvarpinu.

Meginbreytingar þær á núgildandi lögum nr. 48/1972 með síðari breytingum sem í frumvarpinu felast eru þessar:

1. Fulltrúaráð aðila stofnunarinnar kjósi alla stjórnarmenn og aðild fulltrúa ríkisvaldsins falli niður.
2. Sölustofnun lagmetis er veittur einkaréttur til sölu og útflutnings á lagmeti til landa þar sem ríkið er aðalkaupandinn, þó þannig að viðskiptaráðuneytinu er heimilt að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu þegar sérstakar ástæður mæla með því.
3. Komið verði á fót stofnsjóði, sem ákvarðar uppgjör við aðila sem ganga úr stofnuninni svo og uppgjör á milli aðila stofnunarinnar ef til slita hennar kemur.
4. Ábyrgð aðila stofnunarinnar verði takmörkuð og takmarkist við stofnsjóðs-inneign þeirra á hverjum tíma.
5. Atkvæðisréttur aðila á fulltrúaráðsfundum fari eftir verðmæti útflutnings á liðnu reikningsári.
6. Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins verði fengin sérstök stjórn og hlutverk sjóðsins takmarkað við veitingu lána eða styrkja til framleiðenda lagmetis til útflutnings og til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.
7. Tekjustofn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins er framlengdur með þeirri breytingu, að fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum er lækkað og falli það síðan niður 1. apríl 1982.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. 1. nr. 46/1972 með þeirri breytingu í 2. mgr. sem leiðir af því að aðild ríkisins fellur niður.

Um 2. gr.

Greinin er í meginatriðum efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga. Í staflið c) er lögð áhersla á að stofnunin stuðli að gæðaeftirliti á öllum stigum framleiðslu og er þá átt við hráefni til vinnslu, vöru í vinnslu og fullunna vöru. Fellt er niður ákvæði um samvinnu við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafa sjálfstæðu eftirlitshlutverki að gegna á þessu sviði samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Hlutverk stofnunarinnar á þessu sviði beinist hinsvegar meira að því að stuðla að auknu innra

gæðaeftirliti með hráefni, vöru í vinnslu og fullunninni vöru, svo og umbúðum og hjálparefnum. Hlutverki þessu getur stofnunin m. a. gegnt með sérfræðilegri ráðgjöf á þessum sviðum, en vegna smæðar sinnar er verksmiðjunum ekki öllum kleift að hafa í starfi matvælafræðinga og aðra sérfræðinga.

Í staflíð b) er lagt til að Sölustofnun lagmetis fái ótvíræðan einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðuneytinu verði heimilað að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkarétti stofnunarinnar í því tilviki að útflytjandi sýni fram á að hann geti gert hagkvæmari sölsamninga um lagmeti en stofnunin. Slíkt leyfi má þó ekki veita fyrr en fengin hefur verið umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Tillögur Sölustofnunar lagmetis hafa verið þær að einkarétturinn væri gerður ótvíræður og óundanþægur. Í þessu frumvarpi er lagt til að einkarétturinn verði aðalregla, en reglan jafnframt gerð undanþæg. Rök Sölustofnunar lagmetis fyrir einkarétti hafa m. a. verið þau, að í löndum Austur-Evrópu væri einn aðalkaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupandamegin. Þessi einkakaupandi væri í aðstöðu til að fara á milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Væri því um verðsamkeppni seljendamegin um markaðinn. Við þessu væri rétt að bregðast með einkarétti seljendamegin til að jafna samningsaðstöðu seljanda og kaupanda.

Á móti þessum sjónarmiðum hefur verið bent á að ekki hafi einstökum útflytjendum á öðrum sviðum verið veittur einkaréttur til sölu á sömu mörkuðum, jafnvel þótt aðstæður séu svipaðar. Einkaréttur geti og slævt sölustarfsemi útflutningsaðilans.

Rétt þykir því að leggja til í þessu frumvarpi að viðskiptaráðuneytinu sé heimilt að veita undanþágu frá einkaréttinum þeim aðilum sem sýnt geta fram á að þeir geti fengið hagkvæmara verð fyrir lagmetið á þessum tilteknu mörkuðum, en heimild þessi er að auki bundin því skilyrði að aflað sé umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en leyfi er veitt. Með þessu á að vera tryggt að sem bestar upplýsingar liggja fyrir í viðskiptaráðuneytinu við afgreiðslu erinda um undanþágu frá einkaréttinum. Ennfremur er í reglu þessari fólgið nokkuð aðhald að einkaréttarhafanum um að ná sem hagkvæmustum samningum á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Lagt er til að óbreytt haldist ákvæði gildandi laga um frjálsa aðild framleiðenda lagmetis til útflutnings að Sölustofnun lagmetis, svo og að slíkri aðild verði aðeins sagt upp með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Ennfremur að framleiðendur bindi sig til að fela stofnuninni útflutning á allri lagmetisframleiðslu sinni með aðild sinni.

Felld eru niður heimildarákvæði um refsiaðgerðir Sölustofnunar lagmetis gagnvart þeim aðilum, sem ekki fara eftir reglum stofnunarinnar um gæði eða efna ekki skuldbindingar sínar skv. lögnum. Í þessari breytingu felst ekki nein stefnbreyting, en ekki hafa fram til þessa verið settar reglur um refsiaðgerðir skv. lögnum og ákvæðið því talið óþarft.

Í 4. mgr. er það nýmæli, að stofnunin skal senda viðskiptaráðuneytinu skrá um aðila og jafnframt lagt til að ráðuneytinu verði óheimilt að veita félagsaðilum leyfi til útflutnings á lagmeti í eigin nafni án samþykkis stofnunarinnar. Ákvæði þessu er ætlað að leggja áherslu á skuldbindingargildi aðildar að Sölustofnun lagmetis og koma í veg fyrir ágreining.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan fulltrúaráðs stofnunarinnar, atkvæðisrétt aðila og hlutverk þess, svo og um stjórn stofnunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að hver framleiðandi eigi einn fulltrúa í fulltrúaráðinu og er það óbreytt frá því sem nú er.

Í 2. mgr. er lögð til sú meginbreyting, að fulltrúaráð kjósi alla stjórnarmenn og varamenn þeirra. Skv. núgildandi lögum tilnefnið iðnaðarráðherra skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar tvo af fimm stjórnarmönnum, en þrjú eru tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs. Fyrstu fimm starfsár stofnunarinnar tilnefndi fulltrúaráðið tvo stjórnarmenn, viðskiptaráðuneytið einn stjórnarmann og fjármálaráðuneytið einn stjórnarmann, en iðnaðarráðuneytið skipaði þann fimmta, sem jafnframt var formaður stjórnar. Með breytingu þessari er lagt til að aðild ríkisins að stjórn stofnunarinnar ljúki endanlega og hún verði öll í höndum þeirra framleiðenda, sem aðild eiga að stofnuninni, enda hafi þeir framvegis allan veg og vanda af viðgangi hennar og vexti. Formleg tengsl ríkisins við iðngreinina verða samkvæmt frumvarpinu framvegis einkum fólgin í stjórnun þess fjár, sem veita skal til stuðnings iðnaðinum úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins, sbr. 10. gr. frumvarps þessa.

Í 3. mgr. er lagt til að atkvæðisréttur aðila fari eftir verðmæti útflutnings á liðnu starfsári, þó þannig að enginn einn aðili geti farið með meira en 15% alls atkvæðamagns aðila. Með ákvæði þessu er ætlunin að tryggja hagsmuni hinna smærri aðila og koma í veg fyrir að hlutur þeirra verði fyrir borð borinn.

Í 4. mgr. eru ákvæði um aðalfundi og aukafundi fulltrúaráðs, boðun slíkra funda o. fl.

Í 6. mgr. er m. a. lagt til að aðalfundur fulltrúaráðs afgreiði ársreikning Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Svo sem fram kemur í ákvæðum frumvarpsins er skipulag Sölustofnunar lagmetis í mörgu skylt skipulagi hlutafélags. Aðilar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar og atkvæðisréttur er ekki jafn. Hinsvegar er sá munur á, að stofnfjáreign aðila ræður uppgjöri við aðila, sem gengur úr samtökunum, og er þá ekki tekið tillit til taps eða gróða á aðildartímabilinu að öðru leyti en því, sem fram kemur í ákvörðun stjórnar á vöxtum sem bætast við stofnsjóðsinneign á hverjum tíma. Komi til slita á stofnuninni án þess að um gjaldþrot verði að ræða skulu eignir hennar skiptast á milli þeirra, sem þá verða aðilar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign þeirra. Atkvæðamagn aðila á fulltrúaráðsfundum er breytilegt og fer eftir verðmæti útflutnings síðasta reikningsárs.

Í 7. og 8. mgr. er fjallað um starfsmenn og eru þau ákvæði efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til, að í lögum verði tekið sérstakt ákvæði um ábyrgð framleiðenda gagnvart stofnuninni. Sölustofnun lagmetis selur vörur framleiðenda í sínu nafni og kemur fram gagnvart kaupendum sem seljandi. Kaupendur beina því kröfum sínum vegna galla, afhendingardráttar og annarra vanefnda að stofnuninni og eigi slíkar kröfur rétt á sér ber stofnunin ábyrgð gagnvart kaupendum. Verði slíkar vanefndir raktar til framleiðendanna sjálfra bera þeir samkvæmt almennum réttarreglum ábyrgð á þeim gagnvart sóknaraðilanum.

Rétt þykir að lögfesta þessa reglu, svo ekki ríki óvissa um skyldur framleiðenda gagnvart stofnuninni að þessu leyti. Ákvæði þessi eru í samræmi við þær reglur, sem aðilar stofnunarinnar hafa sett sér og gilda í framkvæmd.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að aðilar greiði 3% af fob-andvirði þeirrar vöru, sem stofnunin selur í stofnsjóð, sem skuli vera eign aðila og færast á sérstakan reikning hvers aðila. Inneign aðila í stofnsjóði skal standa sem lán til stofnunarinnar þar til aðili gengur úr samtökunum eða þeim verður slitið. Stjórn stofnunarinnar skal ákveða árlega vexti af stofnsjóðsinneign.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um ábyrgð aðila og hún takmörkuð við stofnsjóðsinneign þeirra. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um ábyrgð aðila og hvernig skuli gera upp við aðila við úrgöngu þeirra eða félagsslit. Er nú úr þessu bætt með ákvæðum í frumvarpi þessu.

Í 4. mgr. eru ákvæði um uppgjör inneigna í stofnsjóði.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um tekjur Sölustofnunar lagmetis, en þær eru fyrst og fremst sölulaun af lagmeti því, sem stofnunin flytur út og eftir atvikum öðrum útflutningi. Ennfremur er gert ráð fyrir tekjum af útflutningi á vörum, svo og tekjum af seldri þjónustu, svo sem vegna tækniráðgjafar og vöruþróunar. Þá er látin standa óbreytt í staflíð a) heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að til að slíta Sölustofnun lagmetis þurfi samþykki aðila sem fara með $\frac{1}{2}$ hluta alls atkvæðamagns á tveimur fulltrúaráðsfundum í röð, þar sem félagsslit verði eina mál á dagskrá. Ákvæði um slit vantar í gildandi lög.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæði er nú að finna í 6. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins verði skilgreint þannig, að það verði hlutverk sjóðsins að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Lagt er til að sjóðnum verði heimilað að ná markmiðum sínum með því að veita styrki eða lán eftir því sem stjórn sjóðsins metur réttast hverju sinni. Tekið er fram að lán megi veita með hagkvæmum kjörum, samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Með þessu er ætlað að heimila stjórn sjóðsins að meta hverja umsókn fyrir sig og taka ákvörðun um hvort rétt sé að veita styrk á grundvelli umsóknar eða eftir atvikum lán og þá með hvaða kjörum. Stuðningur sjóðsins verður því m. a. fólgin í lánstímalengd og lánakjörum að öðru leyti að því er varðar veð eða aðra tryggingu, vaxtakjör og verðtryggingu. Er líklegt að stjórn sjóðsins muni m. a. hafa hliðsjón af því hvort verkefni, sem óskað er stuðnings við, hafi almennt gildi fyrir lagmetisiðnaðinn eða einungis fyrir umsækjanda einan og hvaða kvaðir um skýrslugjöf sjóðsstjórn kann að setja þeim, sem stuðning hljóta. Ekki er gert ráð fyrir neinum almennum lánakjörum sjóðsins. Allir framleiðendur lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis geta átt rétt á stuðningi sjóðsins. Tekið er fram, að óheimilt sé að veita styrki eða lán vegna rekstrar.

Í 2. mgr. er lagt til að sjóðurinn lúti stjórn þriggja manna og varamanna þeirra, skipuðum af iðnaðarráðherra, og skuli formaður stjórnar Sölustofnunar lagmetis vera einn þeirra, sjávarútvegsráðherra tilnefni annan, en iðnaðarráðherra skipi þann þriðja án tilnefningar og skuli hann vera formaður.

Meginbreytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði frá því sem nú gildir, eru að sjóðnum er að hluta til breytt í lánasjóð og hann settur undir sérstaka stjórn. Samkvæmt gildandi lögum ráðstafar stjórn Sölustofnunar lagmetis fé úr sjóðnum undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að stuðningur sjóðsins verði einvörðungu fólgin í því að veita styrki og lán skv. mati sjóðsstjórnar til að efla lagmetisiðnaðinn, en eins og lögum er nú háttað getur sjóðurinn sjálfur ráðist í verkefni á sviði tæknilegrar uppbyggingar, þróunar vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflunar erlendis.

Um 11. gr.

Í grein þessari er lagt til að Þróunarsjóði verði aflað tekna með fullvinnslugjaldi af útflutningi á söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum, frystum þorskhrognum og lagmeti. Lagt er til að gjald þetta verði 1% af fob-verðmæti lagmetis og 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna, svo og

1% af fob-verðmæti saltaðra grásleppuhrogna á tímabilinu 1. apríl 1981 til 1. apríl 1982.

Samkvæmt gildandi lögum skal greiða fullvinnslugjald af framangreindum vörutegundum í Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins fram til 1. apríl 1982, en þá fellur gjaldið niður. Gjaldið nemur 3% af fob-verðmæti varanna, annars en lagmetis, en af því nemur það 1%.

Af þeim 3% sem innheimt eru af söltuðum grásleppuhrognum rennur $\frac{1}{3}$ hluti til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, þannig að í reynd hefur gjaldið í Þróunarsjóð numið 2% af fob-verði grásleppuhrogna frá 1978.

Þegar Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins var stofnaður með lögum nr. 48/1972 var ákveðið að næstu 5 árin skyldu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum undanþegin hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjald, en renna þess í stað í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, þ. e. til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Útflutningsgjald þetta nam þá 6% og rann það óskert til sjóðsins til ársloka 1977. Með lögum nr. 25/1978, sem sett voru eftir að tekjur skv. upphaflegu lögunum voru fallnar niður, var tekið upp svonefnt fullvinnslugjald, sem lagt var á lagmeti, söltuð grásleppuhrogn, söltuð matarhrogn og fryst þorskhrogn sem skyldi innheimt á tímabilinu 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981. Nemur gjaldið 1% af lagmeti og 3% af öðrum vörutegundum, þó þannig að þriðjungur af gjaldinu af söltuðum grásleppuhrognum rennur til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, eins og fyrr er getið. Hafa því gjöld af útflutningi saltaðra grásleppuhrogna til stuðnings lagmetisiðnaðinum verið innheimt í tæp 8 ár. Grásleppuhrognaframleiðendur hafa alla tíð talið sig afskipta í sjóðakerfi sjávarútvegsins, bæði á þeim tímum er lagt var útflutningsgjald til þess sjóðakerfis og síðar þegar gjaldið rann til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Nú hefur verið ákveðið að leggja fram á Alþingi frumvarp um sjóðakerfi fyrir þessa grein sjávarútvegs. Telja framleiðendur grásleppuhrogna sanngjarnt að fellt verði niður fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum til útflutnings og er því lagt til að fullvinnslugjald á þau verði 1% á tímabilinu 1. apríl 1981 til 1. apríl 1982 og verði þá fellt niður. Er þessi tillaga gerð í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda. Jafnframt er lagt til að fullvinnslugjald af öðrum vörum haldist óbreytt áfram frá 1. apríl 1981 að telja.

Um 12. gr.

Lagt er til að iðnaðarráðherra setji reglugerð um framkvæmd laganna og hafi samráð um efni slíkrar reglugerðar annarsvegar við stjórn Sölustofnunar lagmetis og hinsvegar við stjórn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Núgildandi reglugerð er nr. 364 frá 7. október 1976.

Um 13. gr.

Svo sem áður er getið falla tekjustofnar Þróunarsjóðs niður hinn 1. apríl 1981. Þykir rétt að leggja til, að lögin taki gildi þann dag.